

HALLDÓR HALLDÓRSSON

## BRÚSI

*og nokkur önnur nöfn á leirilátum*

### I

ORÐIÐ *brúsi* sem nafn á íláti virðist ekki vera gamalt í málinu og getur vart verið eldra en frá byrjun 17. aldar. Með því að orðið í þessari merkingu er svo ungt, er vart nema um tvennt að ræða: að það sé *töku-orð* eða íslenzkur *nýgervingur*.

Hér á eftir verður rætt um orðið *brúsi* í þeim merkingum, sem mér eru kunnar í íslenzku, en alveg sérstaklega um orðið í merkingunni 'ílát'. Reynt verður að grafast fyrir um það, hvers konar ílát orðið hafi táknað og rætt um önnur nöfn á sams konar eða svipuðum ílátum. Hér er ekki aðeins um að ræða athugun á orðum og uppruna þeirra, heldur einnig merkingarmiðum þessara orða eða þeim hlutum, sem orðin hafa átt við. Við orðarannsóknir verður slíkt tíðum að fara saman.

### II

Orðið *brúsi* er kunnugt úr forn máli í merkingunni 'hafur': *HAFR heitir . . . skimuðr ok brúsi*. Sn.E. I, 589. Í sömu merkingu kemur það einnig fyrir í Merlínusspá I, 48 (Sk.A II, 19). Þá er einnig kunnug úr Hymiskviðu kenningin *flotbrúsi*:

„Mvndo vm vinna  
verc halft við mic,  
at þv heim hvali  
haf til þgiar,  
eþa flotbrvsa  
flestir occarn?“ Sæ.S. 109.

Greinilegt er — enda munu allir vera sammála um það — að *flotbrúsi* er kenning fyrir 'skip'. Þessi kenning er svipaðs eðlis og skipskenningin *hrútr húms* í Austurfaravísu Sighvats (Sk.A I, 233),<sup>1</sup> enda

<sup>1</sup> Handrit eru ekki samhljóða, í sumum er *heims* og *hafs* í stað *húms*.

merkir orðið *húm* 'sjór', sbr. einnig *hafhrútr* í Fms. VIII, 373, þar sem sést, að Baglar kölluðu í háði skip Sverris konungs *hafhrúta*.<sup>2</sup>

Orðið *brúsi* er ekki kunnugt í öðrum merkingum í fornmáli, nema hvað það kemur fyrir sem mannsnafn og jötunsnafn, sbr. LindDop. 173, og viðurnefni, sbr. LindPersonb. 45. Hér er vitanlega um sama orðið að ræða og *brúsi* í merkingunni 'hafur', og má til styrktar benda á, að *Hafr* er notað sem mannsnafn (LindDop. 439–443) og viðurnefni, sbr. *Hafr-Björn* (LindPersonb. 129). Vera má, að mannsnafnið, ekki sízt jötunsheitið, og viðurnefnið sé dregið af háralagi eða skegglagi, sbr. það, sem síðar verður sagt um samband orðsins við sögnina *\*brúsa* (*\*brusa*).

Orðið *bruse* er kunnugt úr norskum mállýzkum í merkingunni 'hártoppur yfir enni' og einnig sem nafn á hafri ('Haardusk over Panden'. 'Ogsaa brugt som Navn paa en Buk'. Aasen). Þá er rétt að minna á, að í norskum ævintýrum er *bruse* notað um hafra. Þá má geta þess, að *bruse* kemur fyrir í nokkrum sænskum mállýzkum í merkingunni 'hrútur' (Rietz). Hér er þannig um samnorraent orð að ræða, sem hefir sömu merkingu á vesturnorrænu málsvæði, en lítið eitt frábrugðna í sænsku.

### III

Í síðari alda máli er *brúsi* sjaldgæft í merkingunni 'hafur' nema í orðasöfnum, sem alveg eins geta haft merkinguna úr fornmáli, sbr. t. d. JÓ (OH), undir *brúsi*, þar sem er þýðingin 'nomen Hirci, sive Capri in Edda' og HFLbs. 99 fol., bls. 336 (OH), þýtt 'caper, hircus. poët'. Þá má láta sér detta í hug, að nafnið *Brúsaskeggur* sé leitt af *brúsi* í merkingunni 'hafur' og tákni mann með hafurskegg. Verður nánara um þetta rætt síðar. Loks er líklegt, að *brúsi* merki 'hafur' í eftirfarandi vísu:

hárið er eins og blakkur brúsi,/

bera þær flest allt dökkt á sér. JSamsKD II, 91 (17. öld) (OH).

En hverjar aðrar merkingar orðsins eru kunnar úr síðari alda máli? JÓ (OH) segir, að *brúsi* merki m. a. 'mikið hár og undið, hrokkið í hringsmynd, hringhrokkið höfuðhár, d. brusende hár' ['crinis magnus et intortus, annuli instar crispatus, capillus subannulatus. Dan. brusende haar', undir *brúsi*]. Í HFLbs. 99 fol., bls. 336 (OH) er *brúsi* þýtt 'mikið, hrokkið hár' ['crinis magnus crispus'], en líklegt er, að Hannes Finns-

<sup>2</sup> Sjá annars um *flotbrúsi* í Kommentar I, 269.

son hafi fróðleik sinn frá JÓ, svo að hæpið er að tala hér um sjálfstæða heimild. Svipuð merking orðsins er raunar áður kunn í samsetta orðinu *skeggbrúsi*, sem dæmi er um frá miðri 17. öld í merkingunni 'maður með mikið skegg':

skiegg bruse vel bruske: barbo, Multæ barbæ. GA 38 (OH), undir *brúsi*.

Sama orð er einnig kunnugt úr GÓ, sbr. bls. 29, JÓ (OH), undir *skegg*, og þýtt þar 'sem hefir mikið og hrokkið skegg' ['qvi barbam habet magnam et crispatam'] og úr BH II, 260 þýtt 'skeggjaður (maður)' og raunar í annarri merkingu, sem síðar verður vikið að. Engar líkur eru á því, að merkingin 'hrokkið hár' í orðinu *brúsi* sé fengin úr danska orðasambandinu *brusende hár*, eins og JÓ hyggur. Þótt *brúsi* komi ekki fyrir í þessari merkingu í fornum heimildum, er líklegt, að þessi merking orðsins sé gömul. Þessa skoðun reisi ég á því, að svipuð merking er — eins og raunar var ýjað að áður — kunn úr norskum mállýzkum, t. d. 'hártoppur yfir enni, ennistoppur á hesti' ('Haardusk over Panden, Stjerneman paa en Hest'. (Aasen)). Þá er orðið einnig notað í norsku um ýmiss konar plöntur, og gæti nafngiftin verið dregin af líkingu við hárbrúsk. Orðið er t. d. notað um 'eini' (Aasen og Ross), 'steinbrjóta' o. fl. (Ross), 'axbundin' (Aasen) o. s. frv.

Í józku kemur *bruse* fyrir í merkingunni 'það, sem freyðir, er blásið út, stendur út í loftið' ('hvad der skummer, opblæses, strutter' (Feilberg)). Í merkingunni 'það, sem stendur út í loftið' er vafalítið um sama orð að ræða og hið forna orð *brúsi*. Það sést betur af skýringu orðsins síðar í ritgerðinni.

#### IV

Ekki verður séð, að sögnin *brúsa* komi fyrir í íslenzku að fornu. Elzta dæmi, sem ég þekki um hana, er frá 17. öld:

samt driypur ecke það sæta Balsam af þessa Alldingardsins Avøxtum/ fyrir enn það Nordan vindurenn blæs og brwsar yfer hann. GerhHugv. P III r. (OH).

Vafalaust er hér um tókusögn að ræða úr d. *bruse* 'þjóta, ólga', sem fengin er úr mlþ. *brüsen* (þ. *brausen*) 'þjóta, niða, freyða'. Hins vegar er trúlegt, að til hafi verið á vesturnorrænu málsvæði sögnin \**brusa* eða

\**brúsa* í merkingunni 'breiða úr sér, tútna út', sbr. nmáll. *brusa* í þeirri merkingu og d. *bruse* í merkingunni 'breiða vel úr sér til allra hliða; standa út í loftið' ('om fjer, haarvækst, klædestof olgn.: brede sig fyldigt ud til alle sider; strutte' (ODS)). Í TorpEtym. er talið, að *brusa* í þessari merkingu sé skyld nmáll. *bruse* 'einir; hafur með hártopp á enni', og í ODS er sagt, að *bruse* í merkingunni 'breiða úr sér' sé ef til vill skyld norrænu *brúsi* og n. *bruse* 'hártoppur; hafur með hártopp á enni'.

Norsku sögnina táknar Torp *brúsa*, en það gæti bent til, að hún hefði verið \**brusa* í fornorrænu (þ. e. forníslenzku og fornorsku). Þetta þarf þó engan veginn að vera, sbr. nmáll. *húm*: ísl. *húm*, nmáll. *skúma*: ísl. *skúma*, *skúmur*. Það er því alls ekki öruggt, sem segir í HellqEtym. (undir *brusa*), að sænska sögnin *brusa* = d. *bruse* (úr mlþ. *brüsen*) sé 'i avljudsförh. till det inhemska n. *brusa*, udbreda sig, svälla'. Ég tel rétt að gera ráð fyrir tveimur möguleikum, að til hafi verið í fornorrænu \**brusa* (í hljóðsk. við *brúsi*) eða sögnin \**brúsa* (með sama hljóðskiptastigi og *brúsi*).

Niðurstaðan um orðmyndunina er sú, að *brúsi* sé gerandnafn af *brúsa*, þ. e. 'sá, sem breiðir úr sér, tútnar'. Slíkar myndanir eru á elzta stigi algengari af hvarfstigi, en ekki er það algilt, sbr. Meid 1967, 93, og AJSuff. 31. Athugandi er, að *brúsi* virðist ekki vera mjög gömul myndun, þar sem orðið er því nær aðeins kunnugt af vesturnorrænu svæði.

## V

Ég hygg, að framan greindar skýringar á hinu forna orði *brúsi* 'hafur' og norska orðinu *bruse* í fyrr greindum merkingum séu réttar. Hafurinn hefir þannig fengið *brúsanafnið* af háralagi eða skeggi. Hins vegar sé ég ekki, að skýringin í VriesEtym. ('der dahinstürmende') fái staðizt, enda styðst hún ekki við þá merkingu í \**brúsa* (\**brusa*), sem kunn er af vesturnorrænu svæði.

Áður hefir verið vikið að orðinu *Brúsi* (*brúsi*) sem mannsnafni, jötunsheiti og viðurnefni. Ég fullyrði ekki, hvernig á að skýra þessa notkun orðsins, sbr. það, sem sagt er á bls. 20 hér að framan. En samt virðist mér liggja í augum uppi, að orðið sé leitt af \**brúsa* í framangreindum merkingum.

JÓ (OH) segir, að *brúsi* geti verið hundsheiti eða nánara tiltekið: 'nafn hunda annaðhvort af því að þeir hafa hrokkið hár eða (dregið)

af þessum jötni' ['nomen canum, an quia pilos habent intortos vel ex gigante illo', undir *brúsi*.<sup>3</sup> Í HFLbs. 99 fol, bls. 336 (OH) er hins vegar sagt, að *brúsi* merki 'hundur' ('canis'). Allt um það þykir mér trúlegra, að *brúsi* hafi verið hundsnafn fremur en að það hafi merkt 'hundur'. En þetta get ég vitanlega ekki fullyrt. Hitt er trúlega rétt hjá JÓ, að hundur, sem nefndur hefir verið *Brúsi*, hefir haft 'hrokkinn hár', sbr. það, sem áður hefir verið sagt um sögnina *\*brúsa*.

Undir orðinu *klám* getur JÓ (OH) þess, að *brúsi* geti merkt 'getnaðarlimur' og segir 'en eitthvað hafa þeir girndar: félagi, hrókur, brúsi, kompán, möndull, riddari og völsi'. ['Sed Salacitatis aliquid habent: fje-lagi, hrookr, Brwsi Kompan, Mòndull, Riddari et Volsi']. Enn er samband við sögnina *\*brúsa* 'tútna út', 'standa fram'. Þess má geta, að í HFLbs. 99 fol., bls. 336 (OH) er tilgreind sama merking og talin skáldamál ('penis. poet').

Þá er komið að því, að Hannes Finnsson (l.c.) þekkir orðið *brúsi* sem fuglsheiti og þýðir það 'colymbus maximus'. Á þetta minnst JÓ ekki. Hins vegar þekkir BH I, 117, orðið í þessari merkingu, þýðir það á lat. 'avis' (fugl), sem bendir til þess, að honum hafi verið ókunnugt um hvers konar fugl orðið hafi verið notað. Hins vegar hafa þeir, sem önnuðust dönsku þýðinguna, verið fróðari, því að hún hljóðar svo: 'en Havhymber (*columbus glacialis*), en Fugl af Gaasearten. v. himbrimi.' Þess má geta, að *himbrimi* kemur annars ekki fyrir í orðabók Björns Halldórssonar. Bl. þekkir orðið líka, þýðir það '(*himbrimi*) Havimber (*colymbus glacialis*)' og getur þess, að heimild sín sé norðlensk. *Brúsi* í merkingunni 'himbrimi' er ekki í seðlasafni Blöndalsbókar, og virðist þessari merkingu hafa verið skotið inn í próförk. Heimildarmaður Bl. er þannig ókunnur. OH hefir nokkur dæmi um orðið *brúsi* í merkingunni 'himbrimi', t. d. EOI & BP 556 (úr Þingeyjarsýslu), ÓDavþul. 315 (18. öld), Mohr 26 (þingeyskt dæmi), LandnIng. I, 83 (þetta dæmi er runnið frá Skúla fógeta, sem var Þingeyingur, sbr. BA IV, 72), LFR I, 15, JHall. V, 51, Nf. XX, 44. Þessi upptalning ber með sér, að flest elztu dæmin eru norðlensk, aðallega þingeysk. Yngri dæmi, sem tekin eru úr ritum náttúrufræðinga, segja minna, því að náttúrufræðingarnir kunna að hafa lært orðið úr eldri ritum. Úr talmáli nútímans hefir OH aðeins eitt dæmi um þessa merkingu, og er það suðurþingeyskt. Þá hefir

<sup>3</sup> Jón hefir áður greint, að *Brúsi* sé nafn á jötni í Ólafs sögu Tryggvasonar. ('Nomen gigantis (ÓTr)'), undir *brúsi* (OH).

OH nokkur dæmi úr bókum frá þessari öld, t. d. GFrRit. VI, 285, 492 og SSigfþj. VII, 13. Útbreiðsla merkingarinnar hefir ekki verið athuguð nánara, en þessar heimildir virðast benda til Norðausturlands og Austurlands. Þetta kemur nokkurn veginn heim við það, sem Bl. segir, og hið sama hefir Finnur Guðmundsson fuglafræðingur látið í ljós í samtali við mig.

En hvernig kemur merkingin 'himbrimi' heim og saman við það, sem ég hefi áður sagt um orðið *brúsi*? Ég spurði dr. Finn Guðmundsson fuglafræðing um það, hvort nokkuð væri sérkennilegt í háttum fuglsins og fjaðrafari, sem skýrt gæti nafnið miðað við þær merkingar, sem ég teldi, að verið hefðu í sögninni *\*brúsa*. Sagði hann þá, að fuglinn ýfði fjaðrir framan á höfði, þegar hann yrði fyrir styggð. Á þessu bæri að vísu lítið, en nákvæmir náttúruskoðarar tækju þó eftir því. Þetta er algerlega í samræmi við merkingu sagnarinnar *\*brúsa* (*\*brusa*), sem ég hefi rakið hér að framan.

Áður var að því vikið, að *bruse* væri í norskum mállyzkum notað um ýmiss konar plöntur. Tók ég þá að athuga, hvort íslenzka orðið *brúsi* væri ekki notað á líkan hátt. Í talmálssafni OH fann ég aðeins eitt dæmi:

Brúsi, kk = jurtarheiti. GDav. 26.

Þótt dæmið sé aðeins eitt, má fullyrða, að Guðmundi Davíðssyni<sup>4</sup> segist hér rétt frá. Þetta má styðja nokkrum rökum. Í OHjaltGras. 273 (OH) frá fyrri hluta 19. aldar kemur fyrir *brúsa höfuð* (*Sparganium*) og á sama stað *Sveimandi Brúsa höfuð* (s. *natans*), og ýmsir yngri grasafræðingar nota einnig þetta orð. Stefán Stefánsson kallar þessa ætt *brúsa kollsett* og tilgreinir þrjár tegundir: *tjarnabrúsi* (*sparganium minimum*), *mógrafa brúsi* (*sparganium hyperbórum*) og *trjónubrúsi* (*sparganium angustifolium*). StStFlór. 108–109. Ingólfur Davíðsson grasafræðingur kveðst aðeins þekkja orðið *brúsi* sem plöntuheiti í ofan greindum samsetningum. *Mógrafa brúsi*, segir hann, að sé algengastur og lýsir honum þannig, að blómin standi upp úr vatni (í tjörnum og mógröfum) og séu þau eins og stingandi broddar. Eftir myndum að dæma lítur út eins og broddarnir breiði úr sér. Þá þekkir Ingólfur örnefnið *Brúsatjörn* í Hánefsstaðalandi á Árskógsströnd, og er tjörninn vaxin mógrafa brúsa.

<sup>4</sup> Guðmundur Davíðsson (1866–1942) var lengst af á Hraunum í Fljótum, en orðið *brúsi* kann hann að hafa lært í Skagafirði eða Eyjafirði.

Mér virðist greinilegt, að brúsanafn á plöntum sé dregið af blóm-lögun, eins og henni hefir verið lýst, og er skýringin þannig í samræmi við það, sem sagt hefir verið um *brúsa* í öðrum merkingum.

## VI

Orðið *brúsi* um 'ílát undir vökva' er ekki kunnugt fyrr en frá 17. öld. Sú merking á sér enga beina samsvörun í öðrum málum og verður ekki dregin af merkingu sagnarinnar \**brúsa* (\**brusa*), sem áður hefir verið um rætt. En lítum nú á heimildir um orðið í þessari merkingu. Ef allt er upprunalegt í handritinu, ætti þetta dæmi að vera hið elzta, sem OH hefir:

og lagga brúsa brenndan keypt  
til barka að úða. MÓIFlat. 48.

Þetta dæmi er úr Flateyjarrímu eftir Magnús Ólafsson í Laufási (Stakar rímur, 1960, bls. 27–54). Ríman er talin ort 1626 eða 1628 og er prentuð eftir handritinu JS 472, 8vo (frá 18. öld) með samanburði við þrjú önnur átjándu aldar handrit. Ekkert sérstakt bendir til þess, að ekki hafi verið *brúsi* í frumtextanum, en öruggt verður það ekki talið.

Elzta örugga dæmið, sem OH hefir um orðið *brúsi* í fyrr greindri merkingu, er síðar frá 17. öldinni:

Hvorki ljós né hljóðaslagur hafinn á kvöldum,  
bumbukrús né brúsinn fagur borinn að tjöldum. BjGissSól. 86.

Ljóðið er gefið út eftir eiginhandriti Bjarna Gissurarsonar. Á sambandinu sést greinilega, að átt er við 'vínílát', en um lögun brúsans og efni erum við engu nær.

Orðtakið að *borga brúsann* 'neyðast til að greiða e-ð', sem raunar er ekki kunnugt fyrr en frá 19. öld, bendir einnig til, að *brúsi* hafi verið 'vínílát' ('brennivínsílát'). Það merkir vafalaust upphaflega 'að greiða vínið í veizluna'. Orðtakið virðist vera frjálsleg þýðing á d. *betale gildet*. Elzta dæmi, sem OH þekkir er þetta:

hver á . . . að borga brúsann? Þjóð. 38, 125.

Af ofan greindum dæmum getum við, sem sé, ályktað, hver var upp-

<sup>5</sup> Hér skýtur eitthvað skökku við. Brúsar hafa, mér vitanlega, aldrei verið úr fíkjutré. Sennilega hefir Jóni brugðizt hér latínan. *Ficulneus* merkir 'úr fíkjutré', en líklega hefir honum fundizt það merkja 'úr leir'.

hafleg notkun brúsans á Íslandi. En allnákvæma lýsingu á brúsanum sem ílátí fáum við fyrst á 18. öld hjá JÓ (OH):

*Brúsi*, kk., flöskulaga ílát úr fíkjutré<sup>5</sup> eða leirker, sem að utan er skreytt mannhöfði með skeggi, með handarhaldi og opi að ofan, sem hægt er að setja á loka eða tappa, oft gerðan úr korki, aðrir kalla hann leirkarl og skeggkarl . . . Þessi mynd, eins og hún er sýnd, á uppruna í minningunni um þann spánka foringja (Duc de Alba), sem áreitti Belga eða Hollendinga með grimmd og harðstjórn. [Brwsi m. lecythus ficulneus, seu vas fictile, in qvo extrinsecus caput humanum barbatum representatur, ansa præditum et orificio superne instructum, in qvod epitomium seu obturamentum inmittitur, plerumqve è subere confectus. aliis leirkarl et Skeggkarl . . . Imago illa, ut perhibent, originem habet in memoriam Ducis illius Hispani (Duc de Alba) qvi Belgas, seu Hollandos tanta immanitate et tyrannide vexavit.] JÓ (OH), undir *brúsi*.

Eldra dæmi um leirker með mynd af mannhöfði á er að finna í orðabókarhandriti Guðmundar Ólafssonar († 1695), undir *skeggi*. Verður þetta rakið nánara síðar, sbr. bls. 28.

Önnur dæmi um orðið *brúsi* í þessari merkingu frá 18. öld eru þessi:

Urceus — lejr kall, Brúse. Nom. V, 159 (OH). Handrit þetta er talið frá miðri 18. öld.

brúse . . . 4) letychus urceus. HFLbs. 99 fol., bls. 336 [letychus er vafalaust ritvilla fyrir lecythus, þ. e. flöskulaga ílát, en *urceus* merkir kanna’].

*Brúsi*, m. urceolus fictilis, en Leerdunk. *Stór útskotinn brúsi*, cululus, en stor Leerkrukke, Bojan. BH I, 117.

Björn Halldórsson virðist þannig kannast við tvenns konar brúsa, annars vegar ‘litla leirkönnu’, hins vegar ‘stóra kúlulaga krukku’.

Nákvæmasta lýsingin á *brúsa* er þannig frá Jóni Ólafssyni frá Grunnavík. Athyglisvert er, að hann segir, að sumir noti um sama hlut orðin *skeggkarl* og *leirkarl*. Við skulum því athuga, hvað Jón hefir um *skeggkarl* að segja. Honum farast svo orð:

skeggkarl, skeggjaður maður og raunar roskinn, 2. leirkrukka, merkt mynd skeggjaðs manns, stytt í skeggi, af sumum ranglega borið fram *skerkarl*. Stytt í skeggi í kvæði herra Hallgríms Péturs-



sonar. [skegg-karl, vir barbatus, et qvidem ætate provectus. 2. lecythus fictilis, imagine barbati viri insignitus, abbreviate skeggi, pronuntiatur a quibusdam perperam *Skerkarl*. Abbreviatum est in Skeggi in Epigrammate Domini Hallgrimi Petræi]. JÓ (OH), undir *karl*.

Undir orðinu *skeggkarl* er sagt hið sama, en þessu er bætt við:

Sumir bera fram sker-karl, en ranglega. Mynd skeggjaðs manns er sögð vera þrýst á brúsa þessa í minningu hins spánska manns Duc de Alba, frægs harðstjóra, stjórnanda Belga, sem að ofstæki og grimmd er sagður hafa léttilega tekið fram öllum dauðlegum mönnum síns tíma, né nokkurn tíma utan einu sinni hafa hlegið, þegar hann hafði gegnum rifu séð, hvar strákur dáðist að mígandi kerlingu. [Qvidam pronuntiant Sker-karl sed perperam. Effigies barbati viri lechyti istis impressa dicitur esse in memoriam Hispani illius viri, Duc de Alba, insignis tyranni, Præfecti Belgarum, qui sævitia et crudelitate omnes mortales sui temporis facile superasse, nec unquam nisi semel risisse cum per rimam videret, ubi vetulam qvandam mingentem puer admiraretur, etc.]. JÓ (OH), undir *skeggkarl*.

Um orðið *skeggkarl* hefir Jón frá Grunnavík enn fremur þetta að segja:

stytt úr skeggkarl í kvæði herra Hallgríms Péturssonar um flöskulaga leirker. Skyldir erum við skeggjar (aðrir skeggkarl) tveir, skamt mun ætt að velja, okkar er beggja efnið leir, ei þarf lengra að telja. Og að síðustu: Einn þó mismun okkar fann, ef áföll nokkur skerða o. s. frv. [‘abbreviate pro Skeggkarl, in Epigrammate Domini Hallgrimi Petræi de lechyto fictili, Skyldir erum við Skeggjar (aliis Skegg-karl) tveir, skamt mun ætt at velia, ockar er beggia efnit leir, ei þarf leingra at telia. Et ultimo. Einn þö mismun ockar fann, ef a fóll nockur skerda, etc.’]. JÓ (OH), undir *Skeggi*.

Elzta dæmi, sem OH hefir um orðið *skeggkarl*, er úr svo kölluðum Leirkarlsvísu, sem margir eigna Hallgrími Péturssyni eins og Jón frá Grunnavík. Þetta atríði er þó með öllu óvíst, eins og brátt verður að vikið. Hins vegar er víst, að kvæðið var ort á 17. öld, en einnig er óvíst, hvort það hefir upphaflega heitið *Leirkarlsvísur*. En víkjum nú að dæmi OH:

Skyldir erum við skeggkarl tveir. HPSkv. II, 390.

Jón M. Samsonarson hefir veitt mér margs konar vitneskju um kvæði þetta, og eru aðalatriði þess, sem hann sagði mér þessi: Tvö erindi eru í Maukastelli Jóns Rúgmans, Papp. 4to nr. 33 í Konungsbókhöðdu í Stokkhólmi. Þessi erindi eru prentuð í riti Magnúsar Jónssonar, *Hallgrímur Pétursson, æfi hans og starf* I, 184. Upphafið er *Skyldir erum við skeggi tveir*; Jón Rúgmann eignar Jóni Jónssyni lögréttumanni í Oddgeirshólum (Staðarhrauns-Jóni), d. 1660, vísurnar. JH benti Magnúsi á þennan stað, og hefir Magnús eftir Jóni, að þetta muni skrifað í Kaupmannahöfn 1665, eftir því sem einhverjir landar hans þar kunnu. Þetta er *langelzta heimild um vísuna*. Handrit af kvæðinu er í AM 615, 4to, 8v., talið frá síðari hluta 17. aldar, og er upphafið þar *Skyldir erum við skeggkall tveir*, og er fyrirsögnin *Leirkarls vísur*, erindin 5 að tölu. Kvæðið er einnig í handritinu AM 441 12mo, bls. 39, talið frá síðari hluta 17. aldar, og er upphafið þar *Skyldir eru við skeggi tveir* og fyrirsögnin *Brennivíns brúsa vísur*. Tvö erindin úr Maukastelli eru í *Lexicon islandicum* Guðmundar Ólafssonar. Ljósrit af þessu handriti er til á OH, og eru þessi erindi tvö þar á bls. 1923–1924. Uppflettiorðið er *Skegge* og sú orðmynd í fyrstu vísunni (ekki *skeggkarl*). Á undan vísunum er þýðing á orðinu *skeggi*, og er hún á þessa leið: ‘Vas figlinum, cui effigies humani capitis barbati impressa, de quo extat carmen’. [Leirker, sem mynd af höfði skeggjaðs manns er þrýst á. Af þessu er kvæðið til orðið]. Er þetta elzta vitneskja, sem við höfum um það, að til hafi verið á Íslandi leirker með mynd af mannshöfði. Ofan greint kvæði er til í ýmsum handritum í Landsbókasafni, eignað Hallgrími Péturssyni með fyrirsögninni *Leirkarlsvísur*. Í handritinu Ms. Bor. 6, bl. 56v. (í Oxford), frá síðari hluta 18. aldar eða um 1800, er upphaf kvæðisins *Skyldir erum við skeggkall tveir*. Fyrirsögnin er *Leirkalls-vísur Jóns í Oddgeirshólum*.

Hér skiptir ekki máli, eftir hvern kvæðið er. Aldur þess skiptir hins vegar máli. Þær niðurstöður, sem gefa verður gaum, eru þessar:

- 1) Orðmyndirnar *skeggi* og *skeggkarl* eru báðar kunnar frá 17. öld. Um orðið *skeggi* er þó eldri heimild.
- 2) Orðið *leirkarl* (í samsetningunni *Leirkarlsvísur*) er einnig kunnugt frá 17. öld.
- 3) Heimild er um, að *skeggi* hafi táknað ‘leirker með mynd af mannshöfði’ frá 17. öld.

- 4) Ef bornar eru saman heimildirnar frá 17. öld og sú vitneskja, sem fæst úr orðabók Jóns Grunnvíkings, má telja víst, að orðin *brúsi*, *skeggi*, *skeggkarl* og *leirkarl* hafi öll táknað 'leirilát með mynd af skeggjuðu mannhöfði'.

Þó að eldra dæmi sé um *skeggi* en *skeggkarl*, virðist mér sennilegt, að *skeggkarl* sé eldra og *skeggi* stytting úr því. Með þessu fullyrði ég þó ekkert um, hvort upprunalegra er í kvæðinu. Um þetta liðfall eða styttingu ræði ég betur síðar.

Frá 18. öld eru fleiri dæmi um *skeggkarl*. Þannig segir Hannes biskup Finnsson:

Skeggkarl, perperam Skerkarl, lecythus. HFLbs. 225, 4to, bls. 124 (OH) [þ. e. skeggkarl, ranglega skerkarl, flöskulaga ker].

Enn verður að nefna eitt orð til sögunnar. Það er orðið *skeggbrúsi*. Elzta heimild mín um það er GA 38 (frá miðri 17. öld), sbr. bls. 21, en hin næsta er áður greind orðabók Guðmundar Ólafssonar, þar sem tilgreint er sem uppflettiorð *Skeggbrúse* og þýtt 'Barbatus' (þ. e. 'skeggjaður (maður)'), sbr. GÓ, bls. 1923. Björn Halldórsson tilgreinir einnig orðið *skeggbrúsi* og þýðir það 'skeggjaður (maður)' og 'lítill krukka' ('urceolus'). Hann tilgreinir orðið *skeggkarl* næst á eftir og telur orðið merkja hið sama ('idem'). Hann tilgreinir einnig orðið *skeggi*, en ekki í merkingunni 'brúsi', sbr. BH II, 260.

En víkjum nú að orðinu *leirkarl*. Elzta dæmi, sem OH hefir um það orð, er úr *Sannri frásögu* eftir Jón Guðmundsson lærða (1574–1658), en frásagan er talin rituð 1615–1616. Tilvitnunin er á þessa leið:

en allir á Péturs skipi sögðu hann hefði þegið 32 brauðkökur og vínið á leirkall. JGuðm.S.fr. 10.

Engin sérstök ástæða er til að vefengja, að orðið *leirkarl* hafi staðið í texta Jóns, enda áður sýnt, að orðið er kunnugt frá 17. öld, sbr. bls. 26 hér að framan. Þess ber þó að geta, að handritið af frásögunni er frá 1792, skrifað af Snorra Björnssyni á Húsafelli. Víst gæti skolazt til um eitt orð á svo langri leið. En hvort sem þessi heimild er talin frá 17. eða 18. öld, er víst, að orðið *leirkarl* er hér haft um 'leirilát undir vín'. Kemur þetta heim við *skeggkarlinn* í svo kölluðum *Leirkarlsvísu*, svo og aðrar heimildir.

Önnur dæmi, sem OH hefir um orðið *leirkarl* frá 18. öld eða fyrr, eru þessi:

Undir þeim niðurhorfandi blöðum sá hann standa margar krúsir og leirkalla. Ann. II, 466. (Kjósarannáll, líklega saminn 1678–1687, prentaður eftir JS 313, 4to, en það handrit var skrifað um 1800.)  
 Urceus — leirkall, Brüse. Nom. V, 159 (handrit frá miðri 18. öld).  
 leirkall tekur 6 potta tillagdur under messuvin. K XVIII 1, A 2, 196 (1758, Vaðlaþing. Vísitazíubók 1751–1768 í Þjóðskjalasafni).

Þess má geta, að *leirbrúsi* er kunnugt frá 1734: Leir-brúsa, sem haldi 3 merkur. Alpb. 1734, 186.

## VII

Hér að framan hafa verið raktar heimildir um fimm orð, *skeggi*, *skeggkarl*, *leirkarl*, *skeggbrúsi* og *brúsi*, sem öll virðast hafa verið samræð, þ. e. táknað 'ílát eða ker úr leir, notað undir vökva, oft vín eða brennivín, með mynd af skeggjuðu mannhöfði þrýstu á'. Heimildir um mannhöfuðið eru tvær. Hin eldri er frá Guðmundi Ólafssyni (1652–1695) og varðar orðið *skeggi*, sbr. bls. 28 hér að framan. Hin yngri er frá Jóni Ólafssyni frá Grunnavík (1705–1779) og varðar orðin *brúsi*, *leirkarl*, *skeggkarl* og *skeggi*, sbr. bls. 25–27 hér að framan.

Af þessu getum við ályktað, að á 17. og 18. öld hafi verið kunn ílát með skeggjuðu mannhöfði. Ég ræði síðar um þá sögu Jóns, að hér sé á ferðinni mynd af hertoganum af Alba.

Nú mun ég reyna að gera stutt yfirlit um það, hvað ráðið verður um brúsa af 17. og 18. aldar heimildum.

1. Latnesku þýðingarnar á fyrr greindum orðum gefa ekki greinilega mynd af lögun ílátsins. Eitt þessara latnesku orða er *lecythus* (JÓ, HF). Ég hefi þýtt þetta orð með 'flöskulaga ílát'. Í þessu efni hefi ég farið eftir orðabókum yfir klassíska latínu, t. d. þýðir Lewis & Short orðið m. a. 'flask'. En ég viðurkenni, að upp úr þessari þýðingu minni er ekki mikið leggjandi. Ég veit ekki neitt nákvæmlega um það, hvað 18. aldar menn hafa átt við með orðinu *lecythus*. JÓ notar einnig orðið *vas* (ker) og hið sama gerir GÓ. BH notar orðin *urceolus* (lítill kanna) og *culúllus*, sem í klassískri latínu merkir 'drykkjarker, bikar'. Við erum því litlu nær um lögun brúsans. Mismunandi þýðingar BH gefa þó til kynna, að lögunin hafi ekki alltaf verið sú sama.
2. Um efni brúsans vitum við meira, hvort sem hann er kallaður

*brúsi, skeggi, skeggkarl, skeggbrúsi* eða *leirkarl*. Þeir, sem á annað borð minnst á efni brúsans, telja hann úr leir. Auk þess felst það í orðinu *leirkarl*. Heimildir frá 19. öld benda til hins sama. Þannig þýðir KG *Leerdunk* með 'brúsi'. EJ þýðir *brúsi* *Leerdunk* og GV 'an earthern jar, to keep wine and spirits in'.<sup>6</sup>

3. Samkvæmt lýsingu JÓ var efst á brúsanum op, sem settur var tappi í (korktappi).
4. Heimildir frá 17. og 18. öld greina frá brúsum (ílátum) með mynd af skeggjuðum manni. Þetta þarf þó engan veginn að merkja, að allir brúsar hafi haft þetta einkenni.
5. Frásögn Jóns frá Grunnavík um hertogann af Alba bendir til, að hann hafi talið brúsana framleidda á Niðurlöndum, og erlendar heimildir, sem síðar verða raktar, sýna, að þeir hafa verið framleiddir þar og raunar víðar. Hins vegar verður því hvorki játað né neitað, hvort mynd hins skeggjaða manns hefir átt að tákna hinn óþokkasæla hertoga. Að þessu verður vikið síðar.

## VIII

En hvað segja erlendar heimildir um brúsa með mannshöfði? Um það hefir mér tekizt að afla nokkurrar vitneskju. En athugum fyrst, hvað GV hefir um orðið *brúsi* að segja. Umsögn hans er á þessa leið:

BRÚSI. . . . In Icel. *a. an earthern jar, to keep wine or spirits in* (cp. Scot. *greybeard*, Scott's Monastery, ch. 9), no doubt from their being in the shape of *a bearded head*. This has given rise to the pretty little poem of Hallgrím called *Skeggkarlsvísur*, Skyldir erum við *Skeggkarl tveir*, a comparison between Man and Greybeard (*Skeggkarl = Beardcarle*).

Hér er greinilega um ályktun GV að ræða. Hann veit: a) að brúsi merkti leirkrukka, b) að til var í skozku *greybeard* um slíkar krukkur, c) að *skeggkarl* kom fyrir í kvæði, eignuðu Hallgrími Péturssyni, í merk-ingunni 'vínbrúsi'. Af þessu þrennu ályktar hann, að brúsinn hafi verið í lögun sem skeggjað höfuð. Niðurstaðan er röng, en þó verður að segja, að GV sé hér á réttri leið.

Í NED er *greybeard* þýtt 'A large earthenware or stoneware jug or jar, used for holding spirits'. Elzta dæmið er frá 1788. En í orðabókinni

<sup>6</sup> Minna má á, að *brúsi* í orðinu *sjeneverbrúsi* er enn notað um 'vínlát úr leir'.

er vitnað til *Encyclopædia Britannica* frá 1885, þar sem segir 'Stoneware jug or 'greybeard'; Flemish ware, early 17th century'.

Í Webster 1966 er *graybeard* m. a. þýtt: 'BELLARMINE', en undir því orði segir: '[after Roberto Cardinal *Bellarmino* (Bellarmine) † 1621. Ital. prelate whom such jugs orig. caricatured]: a narrow-necked large-bellied stoneware drinking jug typically adorned with the figure of a bearded man'.

Í NED segir svo:

'BELLARMINE . . . *Obs. exc. Hist.* A large glazed drinking-jug with capacious belly and narrow neck, originally designed, by the Protestant party in the Netherlands, as a burlesque likeness of their great opponent, Cardinal Bellarmine. (See Chambers *Bk of Days* I, 371.)' Elzta dæmi er frá 1719.

Þá má geta þess, að fyrr greindir brúsar eru á ensku einnig kallaðir *longbeard*, sbr. Webster 1966, þar sem það orð er m. a. þýtt 'bellarmine'.

Þessar ensk-bandarísku heimildir koma í öllum aðalatriðum heim við elztu íslenzku heimildirnar um *brúsa* (*skeggja*, *skeggkarl*, *skeggbrúsa* og *leirkarl*). Samkvæmt þeim er *brúsi* (greybeard, longbeard, bellarmine): 1) gerður úr leir, 2) með mynd af skeggjuðum manni, sérstaklega Robert Frants Romulus Bellarmin, en kunnugt er, að hann var sendur til Niðurlanda (Louvain) til að hamla á móti mótmælendatrú, enda hálarður jesúíti. Ekkert er því til fyrirstöðu, að gerðar hafi verið skopmyndir af fleiri mönnum, sem illa voru þokkaðir á Niðurlöndum, svo sem hertoganum af Alba, 3) ílát undir áfengi, 4) belgvíður, en hálsmjór. Um síðasta atriðið er erfitt að ákveða af íslenzku heimildunum.

Svipuð orð um sama fyrirbæri má einnig finna í þýzku: 'GRAUBART . . . 6) *für wassergefäß mit bärtiger maske*: es sind (von holländ steinzeug a. d. ende d. 16. jhs) namentlich viele exemplare von wasserkrügen erhalten, die vorn unten dem ausgusz eine bärtige maske tragen und daher graubärte oder bartmänner genannt wurden'. Þetta er fengið úr Grimmsorðabók (undir *Graubart*), en heimild orðabókarinnar er Kerl, *Handbuch d. tonwarenindustrie* (31907) 11. Í ofan greindri tilvitnun kemur einnig fram, að framan greindir brúsar voru nefndir *Bartmänner*, en Grimm tilgreinir ekki þá merkingu undir *Bartmann*. Hins vegar styðst það einnig við *Encyclopædia Britannica*, eins og síðar verður sýnt.

Þá ber þess að geta, að finna má danskar heimildir um brúsa með mannsmynd. ODS segir, að *skæggemand* geti merkt: 'korthalset, tykbuget stendunk (til øl ell. brændevin; paa de ældre typer var halsen formet som ell. bar en afbildning af et skægget hoved).' Heimildir um orðið eru að vísu ekki gamlar (hin elzta frá miðri 19. öld), en með hliðsjón af íslenzku, ensk-bandarísku og þýzku heimildunum hlýtur orðið (og fyrirbrigðið) að vera gamalt og eiga rætur að rekja að minnsta kosti til 17. aldar.

Þá kemur í dönskum mállýzkum fyrir orðið *munk* um '(tykbuget) lerdunk (især til øl ell. brændevin) ell. om mælkeflødekande' (ODS). Athyglisvert er, að ekki er sagt, að á ílátinu *munk* hafi verið mynd af mannshöfði. Er því ekki sennilegt, að um sams konar ílát sé að ræða og *brúsa* og *skeggkarl*. Þó þykir rétt að fara nokkru fleiri orðum um samsvarandi orð í öðrum málum. Undir *munk* segir í TorpEtym.: 'I bornh. og jy. ogsaa om dunk (efter likheten med en tykmavet munk)'. Í fr. er *moine* haft um 'ílát til að hita upp rúm' ('utensil servant à chauffer un lit'. PL 1964). *Mönch* getur merkt hið sama í norðurþýzku um mállýzkum ('Wärmflasche'. Spr. Br. 1962). Heimildir um danska orðið *munk* eru ungar, en tilvist þess í mállýzkum gæti bent til, að þessi merking orðsins sé allgömul. Til þessa bendir einnig, að í sæ. kemur *munk* fyrir frá 1632 í merkingunni 'visst slags dryckenkär(?)' (SAOB). Því má bæta við, að í dönsku koma einnig fyrir samsettu orðin *lermunk* og *stenmunk* (ODS, undir *munk*). Vel má vera, að Torp hafi rétt fyrir sér um það, að vatnsílatið hafi fengið nafn sitt af líkingunni við feitan *munk*. En hugsanlegt er — þótt engar heimildir séu fyrir því — að þessi ílát, sem kölluð voru *munk* (*Mönch*, *moine*) hafi haft mynd af skeggjuðu mannshöfði. Hið helzta, sem með því gæti mælt, er, að e. *bellar-mine* er eiginheiti munks. En þessi skýring er svo langsótt, að ég treystist ekki til að aðhyllast hana.

En látum nú munkinn eiga sig og snúum aftur að *brúsa* og öðrum samræðum orðum. Er þá næst að athuga, hvað kunnugt er um þýzka og niðurlenzka leirkeragerð frá 16. og 17. öld. Í *Encyclopædia Britannica*, vol. 18, (1965) bls. 350, segir svo, undir *pottery*: 'GERMAN AND FLEMISH STONEWARE. — Artistic stoneware began to be made at Cologne about 1540. It is characterised by the ferruginous brown stain of its salt glaze. Its commonest form is that of a round-bellied jug with a bearded man's mask applied on the front of the

narrow neck, a form which under the name *Bartmann* or "greybeard" became common in most stoneware potteries'.

Segja má, að menningarsagan staðfesti þannig öll meginatriði þess, sem íslenzkar heimildir frá 17. og 18. öld hafa að segja um *brúsa* og samræð orð. Hins vegar er rétt að gefa því gaum, að á það er ekki minnzt í ofan nefndri grein, að myndin á brúsanum hafi verið af sérstökum manni. Skýring orðabóka á enska orðinu *bellarmine* er vafalaust rétt að því leyti, að það er runnið af ítalska nafninu *Bellarmino*. En enga staðfestingu hefi ég fengið á því, að hönnuðir brúsanna hafi ætlað sér að gera skopmynd af hinum óþokkasæla kardinála. Vel má hugsa sér, að almenningur hafi sett myndina í samband við hann, og nafnið sé þannig til komið. Hið sama er að segja um söguna um hertogann af Alba. Um þetta verður hver að trúá því, sem hann vill og telur sennilegast.

Þess má geta, að til er í Þjóðminjasafni Íslands kanna gerð í Nassau á 17. öld (nr. 2978). Stúturinn, sem er að nokkru brotinn, er ekki hár. Rétt neðan við hann er mynd af skeggjuðum manni. Kannan er fremur belgvíð, miðað við stærð.

## IX

Eftir þessar athuganir á erlendum brúsaorðum og menningarsögulegri vitneskju um brúsa þykir rétt að athuga íslenzku orðin og tilkomu þeirra. Öll eru þessi orð kunn frá 17. öld. Og frá þeirri öld höfum við einmitt eldri heimildina um ílát með skeggjuðu mannhöfði á Íslandi, og kannan í Þjóðminjasafni er frá sama tíma.

1. *Leirkarl*. Ég hefi ekki fundið neina erlenda samsvörun þessa orðs. Ég geri því ráð fyrir, að það sé íslenzkur nýgervingur, sem á rætur í því, að ílátið var úr leir og bar mynd af mannhöfði. Ef orðið *skeggkarl* er eldra, kann það að nokkru leyti að vera fyrirmyndin. Óvíst er, að nokkurt samband sé við orðið *vatn(s)karl*, sem er miklu eldra og táknaði 'vatnsílát í kirkjum', sbr. HH í Árb.F. 1977, 63–89. Vatnskarlar voru ekki skreyttir neinni mannsmynd, en vera má, að í máltilfinningu fólks hafi *-karl* merkt kanna eða annars konar ílát. Þannig kynni *vatnskarl* að hafa haft óbein áhrif á myndun orðsins *leirkarl*.

2. *Skeggbrúsi*. Þetta orð er þegar kunnugt í merkingunni 'skeggjaður maður' frá miðri 17. öld, sbr. bls. 21. Í merkingunni 'kanna' er heimild



frá 18. öld. Alls óvíst er, hve *skeggbrúsi* er gamalt í málinu. Það getur verið mjög gamalt og er í samræmi við hinar margvíslegu merkingar, sem orðið *brúsi* hefir haft í íslenzku og rætt er um fyrr í þessari ritgerð. Hér er áreiðanlega um alíslenzkt orð að ræða. Orðið hefir fyrst verið notað um myndina á ílátinu, en síðan um ílátid í heild.

3. *Skeggkarl*. Þetta orð á sér erlendar fyrirmyndir. Úr þýzku er kunnugt orðið *Bartmann* og úr dönsku orðið *skæggemand*, eins og áður er rakið. Gera verður ráð fyrir, að *skeggkarl* sé tökupýðing úr öðru-hvoru þessara mála. Óvíst er, hvort brúsarnir bárust hingað fyrst frá Danmörku eða Þýzkalandi, og því verður ekki fullyrt, hvort danska eða þýzka liggja hér til grundvallar.

4. *Skeggi*. Um *skeggi* í merkingunni 'brúsi' eru nokkru eldri heimildir en *skeggkarl*. Bæði orðin eru þó kunn frá 17. öld. Ekki verður því neitað, að mannsnafnið *Skeggi* kunn í fyrstu að hafa verið notað um myndina á brúsanum og síðan allan brúsann. Sennilegra virðist mér þó, að *skeggi* sé hér stytting (gæluorð) úr *skeggkarl*, eins og JÓ hélt fram og áður er rakið. Væri það alveg í samræmi við styttinguna *gosi* úr *goskarl*, sbr. HH í Min., bls. 220–227.

5. *Brúsi*. Í skyldum málum kemur ekki fyrir samsvarandi orð sömu eða svipaðrar merkingar. Þess ber þó að geta, að í dönsku kemur fyrir, samkvæmt ODS, *bruse* í merkingunni 'indretning (fx, paa en vandkande), hvorved vand bringes til at falde spredt i fine straal'er.' Hér er um að ræða ungt tökuorð úr lp. *bruse*, sbr. þ. *Brause*. Heimildir gefa ekki tilefni til að ætla, að stútur hafi gengið út úr belg brúsans (eins og t. d. á kaffikönnum og garðkönnum) né heldur, að opið, sem um er getið efst á brúsanum, hafi verið eins konar úðari. Það virðist þannig sangast á við sögulega vitneskju, að *brúsi* sé runnið frá d. *bruse*.

Aðaleinkenni brúsans var mynd hins skeggjaða manns, enda eiga þau orð, sem rakin hafa verið hér að framan (enssk, þýzk, dönsk og íslenzk) rætur að rekja til þessa einkennis.

Áður en lengra er haldið, er rétt að draga orðið *Brúsaskeggur* inn í umræðuna. Sagan og þulan um *Brúsaskegg* er fyrst prentuð, að því er ég bezt veit, í ÓDavPul. 285–288. Á bls. 285–286 er þulan prentuð eftir sögn Árna prófests Jónssonar á Skútustöðum (1849–1916). Þar kemur einnig fyrir afbrigðið *Brúsanskeggur*, sem virðist vera alþýðuskýring, úr \**Brúsandskeggur*, þ. e. maður með brúsandí skegg. Ekki verður séð, hvort Ólafur Davíðsson eða Jón Árnason hefir skráð söguna

eftir Árna. Af þulunni eru nokkur afbrigði, sbr. ÓDavPul. 286–288. Eitt afbrigðið er úr handritasafni Svens Grundtvigs 66.<sup>7</sup> “Blað frá Sigurði Guðmundssyni málara,<sup>8</sup> úr Skagafirði 1854.” Þótt sagan og þulan verði ekki rakin nema til miðrar 19. aldar, virðist mér sennilegt, að þulan sé allgömul. Benda m. a. hin mörgu afbrigði, sem til eru af þulunni, til þess, að hún hafi lengi geymzt í munnmælum og breytt með nýjum kynslóðum. Það er þannig ekki ólíklegt, að þulan um *Brúsaskegg* og þá einnig nafnið *Brúsaskeggur* sé eldra en *brúsi* í merkingunni ‘leirílát með mynd skeggjaðs manns’. En ekki verður þetta fullyrt.

Nafnið *Brúsaskeggur* er vafalítið myndað af orðinu *brúsaskegg*, sem kunnugt er frá 18. öld:

brúsaskegg, mikið skegg, þykkt og hrokkið [brwsa skegg, barba magna, densa et crispa.] JÓ (OH), undir *skegg*.

Þetta orð er einnig notað í nútímamáli:

finnst mér sem ég sjái þarna . . . bónda með . . . kónganef og brúsaskegg. Veiðim. 58,31 (OH).

Samkvæmt þessu ætti *Brúsaskeggur* í rauninni að merkja ‘maður með þykkt og hrokkið skegg’, og er ekkert því til fyrirstöðu, að svo hafi verið. En hvernig er þá orðið *brúsaskegg* myndað? Mér dettur í hug, að *brúsaskegg* sé myndað af *brúsi* í merkingunni ‘hafur’. Til gamans má benda á, að hertoginn af Alba, sem JÓ minnst á í sambandi við *brúsa* og *skeggkarl*, hefir eftir myndum að dæma, haft ‘hafurskegg’. Þessi skýring mín er þó engan veginn örugg, því að *brúsi* í orðinu *Brúsaskeggur* getur samkvæmt frummerkingunni í sögninni *\*brúsa* (*\*brusa*) táknað ‘e-ð, sem stendur út í loftið’.

Við skýringu orðsins *brúsi* í merkingunni ‘leirílát undir vökva (vín) með mynd af skeggjuðu mannhöfði’ má alls ekki gleyma orðinu *skeggbrúsi*, sem kunnugt er allar götur frá 17. öld í merkingunni ‘skeggjaður maður’ og einnig um ‘könnu’ frá 18. öld.

Eftir athugun á hljóðskyldum og merkingarskyldum orðum í íslenzku og grannmálunum hefi ég komizt að þeirri niðurstöðu, að orðið *brúsi* um ílát hljóti að vera orðið til við liðfall, þ. e. orðið sé stytt úr öðru lengra. Í því sambandi mætti benda á, að annað samrætt orð *skeggi* er að öllum líkindum orðið til við liðfall, eins og áður er rakið. En hvert

<sup>7</sup> Sven Grundtvig var uppi 1824–1883.

<sup>8</sup> Sigurður Guðmundsson var uppi 1833–1874.

er þá orðið, sem *brúsi* er liðfellt úr? Mér virðast tveir kostir koma til greina:

1. *Brúsi* getur verið stytting úr *brúsaskeggur* á sama hátt og *skeggi* úr *skeggkarl*. Brúsinn hefði þá verið kenndur við hrokkinskeggjann eða hafurskeggjann á myndinni. Þetta þarf ekki nauðsynlega að fela í sér, að menn hefðu notað orðið *brúsaskeggur* um ílátið, enda finnast engin dæmi þess. Menn gátu einfaldlega stytt orðið, um leið og þeir gáfu brúsanum nafn. Hér væri þá á ferðinni sú tegund liðfalls, sem kölluð er brottfall stofnliðar, sbr. HHMerk. 40–41, þar sem nokkur dæmi þessarar breytingar eru nefnd. Þetta væri einnig í samræmi við *goskarl* > *gosi*, sbr. HH í Min., bls. 220–227.

2. *Brúsi* getur verið stytting úr *skeggbrúsi*. Við vitum, að það orð merkti 'skeggjaður maður' þegar um miðja 17. öld og getur verið miklu eldra. Orðið hefði þá í fyrstu táknað myndina á ílátinu, en síðan allt ílátið, og um það er einnig til yngra dæmi. Liðfall af þessu tæi er alkunnugt og nefnt brottfall ákvæðisliðar. Sem dæmi mætti nefna *kind* < *sauðakind*, *sauðkind*. Algengara er þetta brottfall þó, þegar ákvæðisliðurinn er sjálfstætt orð, t. d. *skorþ skreið* > *skreið*, *gangandi gripr* > *gripur* o. s. frv. Sjá annars um þetta fyrirbrigði HHMerk., bls. 39.

Að öllu samanlögðu tel ég þessa síðari skýringu sennilegri, enda styðst hún við sterkari málsöguleg rök.

## SKAMMSTAFANIR

Aasen: Ivar Aasen, *Norsk Ordbog med dansk Forklaring*. Kria 1873.

AJSuff.: Alexander Jóhannesson, *Die Suffixe im Isländischen* . . . Rvk. MCMXXVII.

Ann.: *Annálar 1400–1800*, gefnir út af Hinu ísl. bókmenntafélagi I–V. Rvk. 1922–1961.

Alþb.: *Alþingisbækur Íslands*. XII. 1731–1740. Rvk. 1971.

Árb.F. 1977: *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1977. Rvk. 1978.

BA: *Bibliotheca Arnarnagnæana*.

BH: *Lexicon islandico-latino-danicum* Björnnonis Haldorsonii. I–II. Kbh. 1814.

BjGissSól.: Bjarni Gissurarson, *Sólarsýn. Kvæði*. Jón M. Samsonarson sá um útgáfuna. Rvk. 1960.

Bl.: Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók*. Rvk. 1920–1924.

EJ: Erik Jónsson, *Oldnordisk Ordbog* ved Det kongelige nordiske Oldskrift-selskab. Kbh. 1863.

- EOI & BP: Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Povelens *Reise igiennem Island . . .* I-II. Sorøe 1772.
- Feilberg: H. F. Feilberg, *Bidrag til en ordbog over jyske almuesmål*. I-IV. Kbh. 1886-1914.
- Fms.: *Fornmanna sögur eptir gömlum handritum útgefnar . . .* I-XII. Kbh. 1825-1837.
- GA: *Lexicon islandicum . . . scriptum à Gudmundo Andreae Islando . . .* Havnæ 1683.
- GDav.: *Orðaskrá frá Guðmundi Daviðssyni*.
- GerhHugv.: *Fimtiú Heilagar Hugvekiur edur Vmþeinningar . . .* Saman skrifaðar fyrst j Latínu af . . . Johanne Gerhardi . . . prentadar æ Hoolum . . . Anno MDCXXXIV (2. útg., fyrsta útg. 1630).
- GFRit.: Guðmundur Friðjónsson, *Ritsafn*. I-VII. Akureyri 1955-1956.
- GÓ: Guðmundur Ólafsson, *Lexicon islandicum*. (Handrit í Konungsbókhöðu í Stokkhólmi: N 1: og N 2:).
- Grimm, Grimmsorðabók: *Deutsches Wörterbuch von Jacob und Wilhelm Grimm*. Leipzig 1854 o. áfr.
- GV: Cleasby-Vigfússon, *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford 1874.
- HellqEty.: Elof Hellquist, *Svensk etymologisk ordbok*. I-II. Lund 1939.
- HFLbs. 99 fol.: Bl. 1-240 *Dictionarium Islandico-Latinum*. Littr. A.-D. eftir Hannes biskup Finnsson og með hans hendi. Á stöku stöðum eru viðaukar með hendi Steingríms biskups. Skrifað um 1780-1790.
- HFLbs. 225, 4to: *Orða og orðskviða samíningur með latneskri þýðingu* eftir Hannes Finnsson. Skrifað um 1780.
- HH: Halldór Halldórsson.
- HHMerk.: Halldór Halldórsson, *Þættir um sögulega merkingarfræði. Kennslukver handa stúdentum í merkingarfræði*. Rvk. 1971. (Fjölritað).
- HPSkv.: *Sálmar og kvæði eftir Hallgrím Pétursson*. I-II. Rvk. 1887-1890.
- JGuðm.S.fr.: *Sönn frásaga af spanskra manna skipbrotum og slagi* eftir Jón Guðmundsson lærða, í Spánverjavígunum 1615 (Íslenzk rit síðari alda 4). Kbh. 1950, bls. 1-28.
- JH: Jón Helgason.
- JHall.: *Rit eftir Jónas Hallgrímsson*. I-V. Rvk. (1929-1937).
- JÓ: *Orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík* (AM 433, fol.). Farið er eftir seðlasafni OH.
- JSamsKD: *Kvæði og dansleikir*. Jón Samsonarson gaf út. I-II. Rvk. 1964.
- KG: *Dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Samið hefur: K. Gíslason. Kbh. 1851.
- Kommentar: Hugo Gering, *Kommentar zu den Liedern der Edda*. I-II. Halle 1927-1931.
- LandnIng.: *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*. I-III. Rvk. 1935-1940.
- Lewis & Short: *A Latin Dictionary . . .* by Charlton T. Lewis, Ph.D. and Charles Short, LL.D. . . . Oxford 1966.
- LFR: *Rit þess Íslenzka Lærdóms-Lista Felags*. I-XV. Kbh. 1781-1798.

- LindDop.: E. H. Lind, *Norsk-isländska dopnamn ock fingerade namn från medeltiden*. Uppsala 1905–1915.
- LindPersonb.: E. H. Lind, *Norsk-isländska personbinamn från medeltiden*. Uppsala 1920–1921.
- Meid 1967: Germanische Sprachwissenschaft. . . . III. *Wortbildungslehre* von Dr. Wolfgang Meid. Berlin 1967.
- Mín.: *Mínjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárni 6. desember 1976*. Rvk. 1976.
- Mohr: Nicolai Mohr, *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie, med adskillige oekonomiske samt andre Anmærkninger*. Kbh. 1786.
- MÓlFlat.: *Flateyjarríma eftir séra Magnús Ólafsson* [í Laufási]. (Stakar rímur, 1960, bls. 27–54).
- NED: *A New English Dictionary on Historical Principles* . . . Edited by James A. H. Murray. I–X. Oxford 1888–1928.
- Nf.: *Norðanfari*. 1–24. Akureyri 1862–1885.
- Nom. V: Lbs. 1968, 8vo. '*Nomenclator Latino-Islandicus*'. Skrifað um 1750.
- ODS: *Ordbog over det danske Sprog* grundlagt af Verner Dahlerup . . . Kbh. 1918–1956.
- OH: *Seðlasafn Orðabókar Háskólans*.
- OHjaltGras.: *Íslenzk grasafæði* af Ó. J. Hjaltalín . . . Kbh. 1830.
- ÓDavPul.: *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*. Ólafur Davíðsson hefir safnað. Kbh. 1898–1903.
- PL 1964: *Petit Larousse*. Paris 1964.
- Rietz: *Svensk dialektlexikon* . . . af Johan Ernst Rietz . . . Lund 1962.
- Ross: Hans Ross, *Norsk Ordbog. Tillæg til 'Norsk Ordbog' af Ivar Aasen*. Kria 1895.
- SAOB: *Ordbok öfver svenska språket utgifven af Svenska Akademien* . . . Lund 1898 o. áfr.
- Sk.A.: *Den norsk-isländske skjaldedigting* udgiven . . . ved Finnur Jónsson. I–II. Tekst efter håndskrifterne. Kbh. 1908–1915.
- Sn.E.: *Edda Snorra Sturlusonar. Edda Snorronis Sturlæi*. I–III. Kbh. 1848–1887.
- Spr.Br.: *Der Sprach-Brockhaus* . . . Siebente Auflage. Wiesbaden 1970.
- SSigfÞj.: Sigfús Sigfússon, *Íslenzkar þjóðsögur og -sagnir*. VII. Rvk. 1945.
- StStFlór.: Stefán Stefánsson, *Flóra Íslands*. III. útg., aukin . . . Akureyri 1948.
- Sæ.E.: *Norræn fornkvæði* . . . almindelig kaldet Sæmundar Edda . . . udgiven af Sophus Bugge. Kria 1867.
- TorpEtyM.: Alf Torp, *Nynorsk etymologisk ordbok*. Oslo 1919.
- Veidim.: *Veidimaðurinn*. Málagn stangveidimanna á Íslandi. Rvk. 1957–1963.
- VriesEtyM.: Jan de Vries, *Altnordisches etymologisches Wörterbuch* . . . Leiden 1962.
- Webster 1966: *Webster's Third New International Dictionary* . . . Springfield 1966.
- Þjóð.: *Þjóðólfur*. Rvk. 1848 o. áfr.